Íþróttamiðstöðin Borg

Sumaropnun

1. júní - 21. ágúst

Mánudaga - Föstudaga	kl. 10-22
Laugardaga – Sunnudaga	kl. 10 -19

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: **www.gogg.is**
Netfang: **sundlaug@gogg.is**
Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í ágústblaðið berist fyrir 25. júlí á eftirfarandi netfang: gogg@gogg.is

Júlí 2016

UMF HVÖT 1907 HVATARBLAÐIÐ

Fjallkona Grímsnes og Grafningshrepps 2016
var Anna Wozniczka og flutti hún ljóðið Hótel Jörð
eftir Tómas Guðmundsson

Ljósmyndari Hans G. Magnússon

FUNDARGERÐ.

391. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 8. júní 2016 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. **Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. maí 2016.**

   Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. maí 2016 liggur frammi á fundinum.

2. **Fundargerðir.**

   a) **Fundargerð 34. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 18. maí 2016.**

   Fundargerðin lögð fram til kynningar.

   b) **Fundargerð 18. fundar æskulýðs- og menningarmála-nefndar Grímsnes- og Grafningshrepps 16. mars 2016.**

   Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðva frá 1. maí til 31. ágúst

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur		10:00 - 13:00		14:00 - 17:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 17:00	
Miðvikudagur		10:00 - 13:00		14:00 - 17:00
Fimmtudagur	10:00 - 12:00		14:00 - 17:00	
Föstudagur			12:00 - 14:00	15:00 - 17:00
Laugardagur		14:00 - 16:00	14:00 - 16:00	14:00 - 16:00
Sunnudagur	10:00 - 12:00	14:00 - 18:00	14:00 - 18:00	14:00 - 18:00

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.
Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladag - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið **að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.**

Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Vegna sumarleyfa verður skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps lokuð frá 25. júlí til og með 12. ágúst 2016.

Sumarleyfi sveitarstjórnar og næstu fundir hennar

Sveitarstjórn verður í sumarleyfi seinni fund í júlí og fyrri fund í ágúst. Fundir sveitarstjórnar sumarið 2016 verða því miðvikudaginn 6. júlí og miðvikudaginn 24. ágúst.
Fundirnir hefjast
Qe
kl. 9:00 f.h.

Grímsævintýri á Borg, 6. ágúst 2016

Við í Kvenfélagi Grímsness erum byrjaðar að huga að Grímsævintýrum á Borg sem verða 6. ágúst. Tombóla, fjölskylduhátíð, handverks- og matarmarkaður. Við erum byrjaðar að taka við borðapöntunum á markaðinn, nánari upplýsingar og borðapantanir fara fram í gegnum netfangið: grimsaevintyri@gmail.com.

Ertu með þína framleiðslu í handverki eða mat sem þú vilt selja? Endilega bókaðu borð á Grímsævintýrunum.
Lítið borð: 3.500kr Stórt borð: 4.500kr

Fylgstu með viðburðinum á Facebook –
Grímsævintýri 6. ágúst 2016

Tombólan á Borg 90 ára

Grímsævintýri á Borg, 6. ágúst 2016

Nú í ár mun Kvenfélag Grímsneshrepps halda sína árlegu og víðfrægu tombólu í 90. sinn. Margar skemmtilegar uppákomur, sögur og minningar eru til í kringum Tombóluna á Borg.
Viltu leggja Tombólunni og Kvenfélaginu lið með vinningum? Endilega hafið samband við umsjónarkonur Tombólunnar 2016 og við munum taka glaðar á móti þínu framlagi ☺
Sigríður Laufey Gunnarsdóttir, brandmat@internet.is sími: 868-4792
Inga Kristín Ingadóttir, ingakri@simnet.is sími: 893-1048

c) Fundargerð 10. fundar umhverfisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. maí 2016.

Sveitarstjórn þakkar nemendum Kerhólsskóla góðar ábendingar um það sem betur má fara í umgengni við gámastöðina í Seyðishólum. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) 111. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 25. maí 2016.

Mál nr. 1, 2, 3, 4, 5 og 15 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 111. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 25. maí 2016. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

***Mál nr. 1*: 1501016 - Þrastahólar 2-10: Búrfell: Deiliskipulagsbreyting.**

Fyrir liggur að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar sem nær til lóðanna við Þrastahóla 2, 4, 6, 8 og 10. Í breytingunni felst breytt hnitsetning á vesturhluta lóðanna til samræmis við aðliggjandi lóðir úr landi Ásgarðs.

Þar sem engar athugasemdir bárust á kynningartíma samþykkir sveitarstjórn samhljóða breytinguna.

***Mál nr.* 2: 1605042 - Öndverðarnes 2 lóð 170099: Nýtt smáhýsi á lóð: Deiliskipulagsbreyting.**

Fyrir liggur umsókn eigenda lóðarinnar Öndverðarnes 2, lnr. 170099, dags. 5. maí 2016 um hvort heimilt verði að setja niður smáhýsi á lóðinni. Ef umrætt hús verður stærra en smáhýsi skv. lið g. í grein 2.3.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 með s.br. þarf að breyta deiliskipulagi svæðisins og leita eftir undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar vegna fjarlægðar frá vegi.

Mál nr. 3: 1605043 - Ásborgir 6-12 og 36-48: Ásgarður: Sameining lóða: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Grímsborga ehf., dags. 11. maí 2016 um breytingu á deiliskipulagi Ásborga sem felst í að lóðir nr. 36, 38, 40, 42, 44, 46 og 48 verði sameinaðar í eina 38.875 m^2 lóð og að byggingarreitur verði 50 m frá þjóðvegi. Þá er einnig gert ráð fyrir sameiningu lóða nr. 6, 8, 10 og 12 í 18.588 m^2 lóð. Er gert ráð fyrir að á þessum lóðum verði heimilt að byggja fleiri en eitt gistihús á þessum lóðum. Að mati sveitarstjórnar eru skipulagsskilmálar fyrir sameinaðar lóðir ekki nægjanlega skýrir og er erindinu því hafnað.

Mál nr. 4: 1605049 - Nesjavellir 209139: Hótellóð: Stækkun lóðar: Umsókn.

Fyrir liggur umsókn frá Eflu Suðurlandi, dags. 20. maí 2016 ásamt uppdrætti sem sýnir stækkun lóðarinnar Nesjavellir lrn. 209139 úr 17.061,5 m^2 í 18.543,5 m^2. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stækkun lóðarinnar með fyrirvara um samþykki landeigenda. Ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 5: 1604058 - Öndverðarnes 2 lóð 170114: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús og bílgeymsla.

Sótt er um leyfi til að byggja sumarhús með risi og bílskúr úr timbri. Heildarstærð er 222,1 m^2 og 669 m^3. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að grenndarkynna umsóknina skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir aðliggjandi lóðahöfum. Ef engar athugasemdir berast á kynningartíma er afgreiðslu málsins vísað til byggingarfulltrúa.

Mál nr. 15: 1605001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-30.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. maí 2016.

e) Fundargerð 5. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 25. maí 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

ÁRTANGI

Sumarblóm og kryddjurtir :)

Opið er alla daga í júlí frá 10-16.
Lokað um verslunarmannahelgina 29. júlí til 2. ágúst
Sími 669-0108.

Saumakompan

Fataviðgerðir, gardínusaumur og ýmiskonar einfaldur saumaskapur



Elsa Jónsdóttir
Sími 486 4515

FEÐGAVERK

Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur - jarðheflun & fólksflutninga, 6-11 farþega.

Jóhannes og Guðmundur
Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
Email: verktaki89@gmail.com
Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðiþjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar – Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson lögfr. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land LÖGMENN

Austurvegi 10, 2 hæð. 800 Selfoss

f) Fundargerð 8. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 27. apríl 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Klausturhólum A-Götu 20, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 26. apríl 2016 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Klausturhólum A-Götu 20, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt og óskar eftir að fá sent afrit af rekstrarleyfi þegar það verður gefið út.

4. Tölvupóstur frá Jörgen Má Ágústssyni vegna meistararitgerðar um bótaákvæði skipulagslaga.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Jörgen Má Ágústssyni, dags. 1. júní 2016 þar sem boðin er til kaups meistararitgerð hans um bótaákvæði skipulagslaga. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

5. Tölvupóstur frá Einari Skúlasyni vegna Wapp – Walking app, smáforrit fyrir snjallsíma.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Einari Skúlasyni, dagsett 1. júní 2016 þar sem kynnt er smáforritið Wapp – Walking app. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

6. Stefna vegna Illagils 21, Lárus Helgason gegn Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur stefna frá Sveini Guðmundssyni hrl. f.h. eigenda Illagils 21, dagsett 10. maí 2016 þar sem krafist er að felld verði úr gildi ákvörðun sveitarstjórnar frá 16. júní 2015 um að fjarlægja jarðvegsmön af lóðinni við Illagil 21. Sveitarstjórn felur lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

7. Greinargerð varnaraðila í Héraðsdóms mál nr. V-2/2016, Sigurður Örn Sigurðsson og Aðalheiður Jacobsen gegn Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur greinargerð Óskars Sigurðssonar hrl f.h. sveitarfélagsins í Héraðsdómsmáli nr. V-2/2016, Sigurður Örn Sigurðsson og Aðalheiður Jacobsen gegn Grímsnes- og Grafningshreppi. Greinargerðin lögð fram.

8. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um timbur og timburvörur, 785. mál.

Frumvarpið lagt fram.

9. Bréf frá Veritas Lögmönnum f.h. forsvarsmanna Kerhrauns sumarhúsafélags þar sem krafist er afstöðu sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps til veghalds gömlu Biskupstungnabrautar.

Fyrir liggur bréf frá Veritas Lögmönnum f.h. forsvarsmanna Kerhrauns sumarhúsafélags, dagsett 27. maí 2016 þar sem krafist er afstöðu sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps til veghalds gömlu Biskupstungnabrautar. Sveitarstjórn felur lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

10. Náma sveitarfélagsins í Seyðishólum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að efnistökuáætlun verði unnin fyrir Seyðishóla þar sem tekið verði tillit til núverandi stöðu og áætlun um frágang á eldra efnistökusvæði.

11. Lagning á ljósleiðararöri.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggja ljósleiðararör samhliða framkvæmdum RARIK frá Jórukleif að hreppamörkum. Áætlaður kostnaður sveitarfélagsins er kr. 800.000.

HESTAMANNAFÉLAGIÐ TRAUSTI

Gæðingakeppni Trausta 2016

Gæðingakeppni Hestamannafélagsins Trausta verður haldin á Þorkelsvelli við Laugarvatn, laugardaginn 23. júlí n.k. Keppt verður í öllum aldursflokkum ásamt A og B flokki gæðinga.

Keppt verður í tölti T3 ef þátttaka verður næg. Mótið hefst kl. 11:00 með setningu formanns og verður dagskrá eftirfarandi:

11:10 *B-flokkur gæðinga*
A-flokkur gæðinga.

Matarhlé
Barnaflokkur

Unglingaflokkur/ungmennaflokkur
Töltkeppni.

Hlé

Úrslit

-Börn

-Unglingar/ungmenni

-A/B flokkur

-Tölt

Knapi og hestur mótsins valinn

ATH. Tímasetningar eru háðar skráningu í flokkana, en mótið verður sett kl. 11 og fyrsta grein hefst 11:10

Skráningar þurfa að berast í ***síðasta lagi mánudaginn 18. júlí fyrir kl. 22:00*** *á netfangið* **hf.trausti@gmail.com**

Í skráningu verður að koma fram nafn og kennitala knapa og IS númer á hesti. Frekari upplýsingar verður að finna inná heimasíðu Trausta, ***http://trausti.123.is/*** *og á Facebook síðunni þegar nær dregur.*

Kveðja, Stjórn Trausta og Mótanefnd

Atvinna í boði

Grímsnes– og Grafningshreppur

óskar eftir umsjónaraðila að gámastöðinni í Seyðishólum frá og með 1. september 2016

Vinnan felst í að sjá um opnun og umhirðu svæðisins.

Áhugasamir hafi samband við sveitarstjóra í síma 480-5500 eða á netfangið gogg@gogg.is

Til kynningar

√ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 172. stjórnarfundar 25.05 2016.

√ SASS. Fundargerð 509. stjórnarfundar 18.05 2016.

√ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 839. stjórnarfundar, 27.05 2016.

√ Landskerfi bókasafna hf. Fundargerð aðalfundar, 10.05.2016.

√ Landskerfi bókasafna hf., ársreikningur 2015.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:35

FUNDARGERÐ.

392. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 22. júní 2016 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. **Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 8. júní 2016.**

   Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 8. júní 2016 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 54. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 7. júní 2016.

Mál nr. 2 og 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 54. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 7. júní 2016. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Kennslukvóti.

Fyrir liggur tillaga að kennslukvóta næsta skólaárs. Áætlað er að nemendafjöldi verði 46 börn, kennslukvótinn 213,3 og stöðugildi kennara 8,2. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi kennslukvóta. Sveitarstjóra og skólastjóra falið að koma með tillögur að aðhaldsaðgerðum vegna rekstur skólans fyrir næsta skólaár á næsta fund sveitarstjórnar.

Mál nr. 4: 10. bekkur.

Skólaárið 2016-2017 er fyrsti veturinn þar sem Kerhólsskóli er heilstæður skóli upp í 10. bekk og því hefur ekki verið gert ráð fyrir unglingastigi á skólalóðinni. Fræðslunefnd óskar eftir að sveitarstjórn bæti úr því og setji upp skólahreystibraut og/eða hjólabrettaramp. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka tillit til þessa við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

b) 112. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 9. júní 2016.

Mál nr. 9, 10, 11 og 18 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 112. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 9. júní 2016. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 9: 1602041 - Hæðarendi 168254: Náttúrulaug og aðstaða fyrir baðgesti: Fyrirspurn.

Fyrir liggur að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga tillaga að deiliskipulagi fyrir baðaðstöðu á svæði umhverfis núverandi fjárhús og hlöðu á jörðinni Hæðarenda, sunnan frístundabyggðar við Selhól. Gert er ráð fyrir að breyta núverandi húsum í þjónustubyggingu í tengslum við starfsemina auk þess sem heimilt verður að byggja allt að 900 m^2 til viðbótar. Aðgengi að svæðinu verður um núverandi veg frá Búrfellsvegi. Engar athugasemdir bárust en fyrir liggur umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 19. maí 2016 og Vegagerðarinnar dags. 14. apríl 2016. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggja viðbrögð við athugasemdum sem fram koma í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Mál nr. 10: 1606012 - Nesjar 170896 (Hestvíkurvegur 24): Bátaskýli: Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Páls Hjaltasonar dags. 25. maí 2016, f.h. eiganda Hestvíkurvegar 24 í landi Nesja um hvort að heimilt verði að reisa bátaskýli skv. meðfylgjandi teikningum. Samkvæmt ákvæðum skipulagsreglugerðar skulu mannvirki frístundahúsalóða ekki vera nær lóðarmörkum en 10 m. Þá eru einnig ákvæði í reglugerðinni um að ekki megi byggja nær ám og vötnum en 50 m. Í aðalskipulagi sveitarfélagsins er jafnframt gert ráð fyrir að ekki verði byggt nær Þingvallavatni en 100 m að jafnaði. Í ljósi þessa hafnar sveitarstjórn því að byggt verði bátaskýli í samræmi við fyrirliggjandi erindi.

Mál nr. 11: 1605055 - Lyngbrekka 2: Færsla byggingarreits: Deiliskipulagsbreyting: Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn eigenda lóðarinnar Lyngbrekku 2 í landi Syðri-Brúar um hvort að heimilt verði að reisa frístundahús á púða sem stendur utan við byggingarreit lóðarinnar. Að mati sveitarstjórnar er forsenda þess að byggt verði á núverandi púða sú að gerð verði breyting á deiliskipulagi svæðisins. Að mati sveitarstjórnar er slík breyting óveruleg og samþykkir samhljóða áðurnefnda breytingu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar.

Mál nr. 18: 1605004F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-31.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júní 2016.

c) Fundargerð 36. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 9. júní 2016.

Gerð er athugsemd við upptalningu fundarmanna í fundargerðinni. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Tilnefning á fulltrúum í nefnd sem skoðar kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu.

Borist hefur svar frá öllum sveitarfélögum í Árnessýslu nema Bláskógabyggð um tilnefningu nefndar um sameiningarmál. Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum að Gunnar Þorgeirsson og Guðmundur Ármann Pétursson verði fulltrúar sveitarfélagsins í nefndinni. Ingibjörg Harðardóttir greiðir atkvæði á móti.

4. Beiðni um styrk frá mótsstjórn Landsmóts skáta vegna Landsmóts skáta 2016 á Úlfljótsvatni.

Á fundi sveitarstjórnar þann 21. október s.l. var lagt fram bréf frá mótsstjórn Landsmóts skáta, dagsett 9. október 2015 þar sem óskað er eftir styrk vegna Landsmóts skáta 2016 á Úlfljótsvatni. Varaoddvita var falið að ræða við mótsstjórn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita styrk vegna Landsmóts skáta að fjárhæð kr. 800.000.

5. Beiðni um styrk frá stjórn Bandalags íslenskra skáta og mótsstjórn heimsmóts skáta vegna World Scout Moot 2017 á Íslandi.

Á fundi sveitarstjórnar þann 21. október s.l. var lagt fram bréf frá stjórn Bandalags íslenskra skáta og mótsstjórn heimsmóts skáta, dagsett 12. október 2015 þar sem óskað er eftir styrk vegna World Scout Moot 2017 á Íslandi.

Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita styrk vegna World Scout Moot 2017 á Íslandi að fjárhæð kr. 1.200.000.

6. Lántaka Héraðsnefndar og Brunavarna Árnessýslu.

Grímsnes- og Grafningshreppur samþykkir samhljóða hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Héraðsnefndar Árnesinga bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 300.000.000 kr. til 18 ára, í samræmi við leiðbeinandi lánakjör Lánasjóðs sveitarfélaga frá 26.5.2016 sem liggja fyrir fundinum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Héraðsnefnd Árnesinga bs. Grímsnes- og Grafningshreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurlands sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Grímsnes- og Grafningshreppur skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Héraðsnefndar Árnesinga bs. til að breyta ekki ákvæði samþykkta Héraðsnefndar Árnesinga bs. sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Grímsnes- og Grafningshreppur selji eignarhlut í Héraðsnefnd Árnesinga bs. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Grímsnes- og Grafningshreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Ingibjörgu Harðardóttur kt. 020371-4639 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.

Grímsnes- og Grafningshreppur samþykkir samhljóða hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Árnessýslu hjá

Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 74.000.000 kr. til 8 ára, í samræmi við leiðbeinandi lánakjör Lánasjóðs sveitarfélaga frá 26.5.2016 sem liggur fyrir fundinum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnessýslu. Grímsnes-og Grafningshreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á tankbifreiðum og slökkvistöð í Árnesi sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Grímsnes- og Grafningshreppur skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnessýslu til að breyta ekki ákvæði samþykkta Brunavarna Árnessýslu sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Grímsnes- og Grafningshreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnessýslu. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Grímsnes- og Grafningshreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Ingibjörgu Harðardóttur kt. 020371-4639 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.

7. Kjörskrá og kjörfundur.

Kjörskrá vegna kosninga til forseta Íslands er lögð fram og yfirfarin. Á kjörskrá eru 334 aðilar, 183 karlar og 151 kona. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að árita kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna forsetakosninga 25. júní n.k. í samræmi við 27. gr. laga nr. 24/2000, sbr. lög nr. 36/1945. Kjörskráin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagins til 25. júní n.k.

Myndir frá sumarhátíð leikskóladeildarinnar sem haldin var 10. júní. Það var mikið fjör þennan dag þrátt fyrir úða í lofti. Skátarnir lánuðu hoppukastala, Brúney kom með hest og farið var á hestbak, Antonía Helga kom með lamb, Anika í Vaðnesi kom með tól til að gera risasápukúlur og margt fleira skemmtilegt var í boði.

Að sjálfsögðu grillaði foreldrafélagið svo ofan í svanga gesti.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kjörstaður vegna kosninga til forseta Íslands þann 25. júní n.k. verði í stjórnsýsluhúsinu á Borg í fundarsal sveitarstjórnar á 2. hæð. Einnig er samþykkt að bjóða upp á kaffiveitingar á meðan kjörfundi stendur.

8. Tölvupóstur frá Sýslumanninum á Suðurlandi þar sem óskað er eftir athugasemdum við að gefið verði út rekstrarleyfi á nýja kennitölu vegna sameiningar þriggja fyrirtækja.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dags. 16. júní 2016 þar sem óskað er eftir athugasemdum við að gefið verði út rekstrarleyfi á nýja kennitölu vegna sameiningar þriggja fyrirtækja. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu nýs rekstrarleyfis.

9. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Viðeyjarsundi 3, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 15. júní 2016 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Viðeyjarsundi 3, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt og óskar eftir að fá sent afrit af rekstrarleyfi þegar það verður gefið út.

10. Tölvupóstur frá Þórunni B. Heimisdóttur f.h. Grifflu, bókaforlags þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarfélagsins við að gefa út notendavæna rafvæna útgáfu af öllum Íslendingasögunum.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Þórunni B. Heimisdóttur f.h. Grifflu, bókaforlags, dags. 13. júní 2016 þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarfélagsins við að gefa út notendavæna rafvæna útgáfu af öllum Íslendingasögunum. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

11. Bréf frá framkvæmdastjórum Ferðafélags Íslands og Brúarsmiðjunnar þar sem óskað eftir samtali við nokkur sveitarfélög um merkingar gönguleiða og upplýsingaskilti á Mosfellsheiði.

Fyrir liggur bréf frá frá framkvæmdastjórum Ferðafélags Íslands og Brúarsmiðjunnar, dagsett 2. júní 2016 þar sem óskað eftir samtali við nokkur sveitarfélög um merkingar gönguleiða og upplýsingaskilti á Mosfellsheiði. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

12. Bréf frá Jónu H. Guðmundsdóttur forstöðumanns Bataseturs þar sem óskað er eftir styrk vegna starfssemi Batasetursins.

Fyrir liggur bréf frá Jónu H. Guðmundsdóttur forstöðumanns Bataseturs, dagsett 1. júní 2016 þar sem óskað er eftir styrk vegna starfssemi Batasetursins. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

13. Tölvupóstur frá Skipulagfulltrúa Mosfellsbæjar, Finni Birgissyni vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Skipulagfulltrúa Mosfellsbæjar, Finni Birgissyni, dags. 13. júní 2016 vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi breytingar.

14. Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti þar sem óskað er eftir ábendingum um breytingar á ákvæðum laga nr. 106/2000 um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dagsett 8. júní 2016 um þar sem óskað er eftir ábendingum um breytingar á ákvæðum laga nr. 106/2000 um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum. Erindið lagt fram.

15. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2016 – 2019, 765. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram.

16. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016 – 2019, 764. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram.

Vorferð Kerhólsskóla, farið var í Austur- Meðalholt, skoðaður torfbær sem búið er að endurgera og farið á safn. Einnig var farið í fjöruna á Stokkseyri þar sem safnað var sýnum, haldin var vísindavaka daginn eftir í skólanum, þar sem foreldrar komu og sáu verkefni nemenda.

Krakkar á leikskóladeild setja niður **kartöflur**, undir leiðsögn Ernu, í kartöflugarð sem kominn er við skólann.

Til kynningar

√ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 840. stjórnarfundar, 02.06 2016.

√ Háskólafélag Suðurlands ehf.
Fundargerð 8. aðalfundar, 01.06 2016.

√ Háskólafélag Suðurlands ehf., ársreikningur 2015.

√ Varasjóður húsnæðismála.
Könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga 2015.

√ Byggðasafn Árnesinga, ársskýrsla 2015.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:35

SKAPANDI OG SKEMMTILEGT
SUMARSTARF
FYRIR BÖRN OG UNGLINGA
Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI
SUMARIÐ 2016
UPPLÝSINGAR UM NÁMSKEIÐ
gogg.is

Prjónakaffi á Gömlu Borg

Fyrsta þriðjudagskvöld í hverjum mánuði kl. 20:00 er prjónakvöld á Gömlu Borg.

Allir velkomnir og munið eftir prjónunum!

Borg í sveit :)

- Alvöru sveitadagur í Grímsnes– og Grafningshreppi

KÆRU SVEITUNGAR

Takk fyrir frábæran dag.

Bestu kveðjur,

Atvinnumálanefnd,

Ása, Hildur og Kalli

Fjölskyldurekið svínabú

ORMSSTAÐIR

Grísakjöt beint frá bónda

Sími 771-4465

Við erum á Sólheimahringnum

Verslunin Borg

Opnunartími í sumar

Alla daga kl. 10-20

Sími : 486-4408

Verið velkomin - alltaf heitt á könnunni